

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 3. september 2024  
UST202408-043/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing- Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 - Fornhagi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþingi eystra er barst 7. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 vegna Fornhaga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB) fyrir allt að 18 lóðir.

### Áhrifamat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif breytinganna á loftslagsmál og vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og vatnaáætlun.

### Vistgerðir og fuglalíf

Innan framkvæmdasvæðisins er að finna vistgerðirnar língresis- og vingulsvist, grasengjavist ásamt vistgerðinni starungsmýravist. Vistgerðirnar hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarnast verndar.

Innan vistgerðanna língresis- og vingulsvist og starungsmýravist er að finna ríkulegt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðum verði ekki raskað sem hafa vistgerðir með hátt verndargildi og sem eru mikilvæg lífssvæði mófugla.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Kristín Björk Birgisdóttir

**sérfræðingur**